FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

# Fornleifaskráning í Fellum í N-Múlasýslu vegna fyrirhugaðs ljósleiðara



Bjarni F. Einarsson

2019

Forsíðumyndin sýnir *Stóru rétt* (Fornleifar nr. 20:1. Horft mót NA. Ljósm. BFE 2019).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Rarik
Október 2019

***Inngangur***

Að beiðni Rariks kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhugaðri leið ljósleiðara um Fell frá malbikunarstöð norðan þjóðvegar 1 austan við Fellabæ að Hafrafelli og Staffelli í suðri.

Er lagnaleiðin og staðsetning fornleifa sýnd á loftmynd 1. Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, túnakort og Sýslu- og sóknarlýsingar.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram dagana 27.–29. september síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Kannað var svæði sín hvoru megin við hina fyrirhuguðu ljósleiðaralínu, eða að minnsta kosti 15–20 m hvoru megin. Allar fornleifar/minjar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki, bæði punktur og umfang. Byrjað var á næsta lausa númeri sveitarfélagsins.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrá og loftmyndar með staðsetningu fornleifa.

Ábúendur á Hafrafelli og Staffell veittu ýmsar mjög gagnlegar upplýsingar.

Fulltrúi verkkaupa var Haraldur Jónatan Klausen hjá Rarik. Þakka ég þeim öllum fyrir samvinnuna.

***Skráningin***

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögunum.

Friðlýstum fornleifum fylgir100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals voru 12 fornleifar/minjar á 11 stöðum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina.

Einar fornleifar töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi, en það var gamli bæjarhóllinn á Staffelli nr. 22:1.




Mynd 1. Yfirlitsmynd af lagnaleiðinni og staðsetningu fornleifa á og við hana. (Norður vísar til hægri. Loftmynd: Loftmyndir hf. Viðbætur: Rarik/BFE).

Sjö fornleifar höfðu talsvert minja- og varðveislugildi og afgangurinn, fimm að tölu, höfðu lítið gildi.

Einar minjar töldust vera yngri en 1900, en það er ályktun sem byggir á sjónrænni greiningu. Þær gætu verið eldri.

Í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda eru fimm fornleifar/minjar. Eru það nr. 18:1, 21:1, 24:1, 25:1 og 26:1. Mótvægisaðgerða er þörf á fjórum þeirra sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra (sjá töflu 1).

Líklega er auðvelt að sneiða hjá fornleifunum við Staffell, en það má ekki færa hana mikið svo aðrar óskráðar fornleifar verði í veginum. Mælt er með því að að línan verði færð a. m. k. 15 m frá fornleifunum við Staffell.

Líkurnar á því að fornleifar verði á vegi ljósleiðarans heim að bæjum (heimtaugum) eru ekki miklar. Bæði Hafrafell og Staffell hafa verið byggðir á nýjum stöðum á seinni tímum og heimtaugarnar fara ekki mjög nærri gömlu bæjarstæðunum. Þó þarf að hafa varann á við Staffell og jafvel framkvædaeftirlit á meðan taugin er lögð að Stafelli fram hjá gamla bæjarhólnum. Minjastofnun Íslands mun ákvarða nánar um þetta atriði.

Túnakort gáfu ekki tilefni til að ætla að fornleifar væru í mikilli hættu vegna ljósleiðarans.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisaðgerða. Slíkar aðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og görðum og vegum er gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Rannsóknir á yngri skepnuhúsum geta einskorðast við þverskurði í leit að eldri minjum undir, eða að ákveðinn hluti húsanna séu fullransakaðir, ef allt húsið er ekki fullrannsakað. Leita

| Nr. | Teg. | Fj. | Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Minjagildi | Varðveislugild | Friðlýst? | Mótv. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **16 1** | Rúst | 1 | Ljósleiðari | L til | Lélegt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Rannsókn |
| **17 1** | Rúst | 1 | Ljósleiðari | Talsvserð | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Rannsókn |
| **18 1** | Garður | 1 | Ljósleiðari | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | L tið (4) | L tið (4) | Nei | Þvernsið |
| **19 1** | Varða | 1 | Ljósleiðari | L til | Ágætt | 1550-1900 | L tið (3) | L tið (2) | Nei | Rannsókn |
| **20 1** | Rétt | 1 | Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Talsvsert (6) | Talsvert (6) | Nei | Engar |
| **21 1** | Garður | 1 | Ljósleiðari | Mikil | Lélegt | 1900- | L tið (2) | L tið (2) | Nei | Þversnið? |
| **22 1** | Bæjarhóll | 1 | Ljósleiðari | Talsverð | Sæmilegt | 1550-1900 | Hátt (7,5) | Hátt (7,5) | Nei | Rannsókn |
| **23 1** | Rétt | 1 | Engin | Engin | Ágætt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Engar |
| **24 1** | Rústir | 2 | Ljósleiðari | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Rannsókn |
| **25 1** | Fjárborg | 1 | Ljósleiðari | Mikil | Lélegt | 1550-1900 | Talsvert (6) | Talsvert (6) | Nei | Rannsókn |
| **26 1** | Gata | 1 | Ljósleiðari | Mikil | Sæmilegt | 1550-1900 | L tið (3) | L tið (3) | Nei | Engar |
| | Samtals | 12 | | | | Meðaleink. | | | | |

Tafla 1 yfir skráðar fornleifar á lagnaleiðinni í Fellum. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leyti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðverandi hættu.

þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

### *Niðurstaða*

Samtals voru 12 fornleifar/minjar skráðar í tengslum við verkefnið. Einar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokki. Sjö voru í næst hæsta minja- og varðveisluflokki og fimm í lægsta flokki. Fimm fornleifar/minjar eru mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda.

Líklega er hægt að sneiða hjá fornleifum og breyta lítillega um lagnaleið í flestum tilfellum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisaðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Gröftur heima við bæi gæti þarfnast framkvæmdaeftirlits í einu tilfelli á meðan vinna stendur yfir.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

## *Heimildir*

*Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Lög um menningarminjar.* Nr. 80 29. júní 2012.

*Sýslu- og sóknarlýsingar* Hins ísl. bókmenntafélags 1839 – 1874. Múlasýslur. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sú um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 2000.

*Túnakort.* Hafrafell. Þjóðskjalasafn Íslands.

*Túnakort.* Staffell. Þjóðskjalasafn Íslands.

*Örnefnaskrá.* Hafrafell. Heimildarmenn: Brynjólfur Bergsteinsson, f. 1928 (Ási), og Anna Runólfsdóttir, f. 1909, eftir sögn Sveins Bjarnasonar á Heykollsstöðum, f. 1879. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

*Örnefnaskrá.* Staffell. Heimildarmaður: Sigfús Oddsson, f. 1917, þar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

*Örnefnaskrá.* Staffell. Stefán Einarsson prófessor skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

## *Fylgirit:*

*Fornleifaskrá:* Fljótsdalshérað Nr. 16:1 - 26:1.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| N-Múlasýsla | Fljótsdalshérað | | | **16** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Hafrafell | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 28.9.2019 | A 710727,6. N 540629,3 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Fel 19 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Lélegt | 1550-1900 | | Ljósleiðari | Lítil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Á lágum hól um 25 m SV af íbúðarhúsi (Hafrafell), í túni.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Rúst.**
Á um 13 m stóru svæði. Túnið er sléttað, en þó má sjá bolla sem benda til rústar. Breidd veggja er ekki greinanleg

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| N-Múlasýsla | Fljótsdalshérað | | | **17** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Hafrafell | | A 710558,2. N 540722,7 | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 28.9.2019 | | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | | Fel 19 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | Ljósleiðari | Talsverð | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Um 80 m neðan við malarvel og ofan við nýju hús Hafrafells. Við jaðar skógræktar.

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá. Hafrafell. Heimildarmenn: Brynjólfur Bergsteinsson, f. 1928 (Ási), og Anna Runólfsdóttir, f. 1909, eftir sögn Sveins Bjarnasonar á Heykollsstöðum, f. 1879. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

*Lýsing*

**Rúst.**
5 x 7 m (N - S). Veggir úr grjóti og torfi, 1 - 1,5 m breiðir og 0,4 - 1 m háir (utanvert).
Dyr snúa mót austri. Gólf er niðurgrafin í brekkuna.
Rústin er mjög vel gróin grasi og nokkrum hríslum.

Samkvæmt heimildum var þarna smiðja fyrrum, en síðan breytt í reykkofa.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| N-Múlasýsla | Fljótsdalshérað | | | **18** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Hafrafell | | A 710497,5. N 540689,0 | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 28.9.2019 | | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Garður | | Fel 19 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Talsverð | Lélegt | 1550-1900 | | Ljósleiðari | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 4 | Lítið | 4 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Um 10-20 m neðan við malarveg, ofan við fornleifar nr. 17.

*Heimildir og munnmæli*

*Túnakort.* Hafrafell. Þjóðskjalasafn Íslands.

*Lýsing*

**Garður.**
Úr grjóti og torfi, 1 - 1,5 m breiður og 0,1 - 0,4 m hár. Garðurinn er slitróttur á köflum. Í norðurhlutanum þar sem hann var rakinn eru áberandi stórir steinar.
Pæla er að norðanverðu við garðinn á kafla.
Líklega er hægt að rekja garðinn lengra í báðar áttir.
Hugsanlega er þetta túngarðurinn sem sést á túnakorti.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| N-Múlasýsla | Fljótsdalshérað | | | **19** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Hafrafell | | A 710261,7. N 540874,8 | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 28.9.2019 | | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Varða | | Fel 19 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | Ljósleiðari | Lítil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 3 | Talsvert | 3 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Efst á kletti á Staffelssás norðan við slóða.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Varða.**
Úr grjóti, 0,7 x 0,7 m um botninn og mjókkar upp. 1,2 m há.

Varðan hefur sennilega varðað gömlu seljagötuna í skarðinu norðaustan við hana.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| N-Múlasýsla | Fljótsdalshérað | | | **20** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Hafrafell | | Stóra rétt - Hafrefellsrétt | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 28.9.2019 | 710315,6. N 540990,3 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rétt | | Fel 19 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | Ekkert | Engin | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

## Lega og staðhættir

Í klettaskoru í Staffellsás.

## Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Hafrafell. Heimildarmenn: Brynjólfur Bergsteinsson, f. 1928 (Ási), og Anna Runólfsdóttir, f. 1909, eftir sögn Sveins Bjarnasonar á Heykollsstöðum, f. 1879. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

## Lýsing

Rétt.
Um 20 x 32 m stór.
Réttarvseggirnir í suðri og norðri eru hlaðnir úr grjóti, 1 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 0,9 m háir. Aðrir veggir eru hamraveggirnir í skorunni.
Dyr eru á báðum hlöðnu veggjunum fyrir miðju, sýnu stærri til suðurs.
Engir dylkar sjást og mun svo ekki hafa verið.
Inngangur syðri dyranna er yfir slétt berg sem lítur út eins og það sé lagt af fólki.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

## Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| N-Múlasýsla | Fljótsdalshérað | | | **21** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Staffell | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 28.9.2019 | A 709853,4. N 540268,8 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Garður | | Fel 19 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Landeyðing | Talsverð | Lélegt | 1900- | | Ljósleiðari | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 2 | Lítið | 2 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í dalverpi vestur af sumarbústað.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Garður.**
Úr torfi, 1,5 - 3 m breiður og 0,3 - 0,7 m hár.
Hann er býsna þýfður og ósléttur. Vel gróin grasi og hríslum.
Ofan við garðinn eru bleytur.

Líklega eru þetta ung mannvirki.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| N-Múlasýsla | Fljótsdalshérað | | | 22 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Staffell | | Staffell | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 28.9.2019 | A 709350,6. N 539912,2 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Bæjarhóll | | Fel 19 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Lítil | Sæmilegt | 1550-1900 | | Ljósleiðari | Talsverð | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hátt | 7,5 | Hátt | 7,5 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Á hól í túni, skammt austur af núverandi íbúðarhúsi.

*Heimildir og munnmæli*

*Túnakort*. Staffell. Þjóðskjalasafn Íslands.

*Örnefnaskrá*. Staffell. Heimildarmaður: Sigfús Oddsson, f. 1917, þar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

*Örnefnaskrá*. Staffell. Stefán Einarsson prófessor skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn

*Lýsing*

**Bæjarhóll.**

Um 80 m í þvermál og 2 - 3 m hár.

Grilla má í einstök rými, en ekki má greina formin að öðru leiti.

Erfitt er að skilgreina mörk bæjarhólsins vegna sléttunar. Ekki hægt að útiloka að þarna hafi mörg útihús staðið í aldnanna rás, einnig utan við hið afmarkaða svæði.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| N-Múlasýsla | Fljótsdalshérað | | | **23** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Staffell | | Litla rétt | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 29.9.2019 | A 710271,3. N 541077,6 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rétt | | Fel 19 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | Engin | Engin | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Í skoru á Staffellsás, skammt vestur af Stóru rétt (nr. 20).

*Heimildir og munnmæli*

*Örnefnaskrá*. Staffell. Stefán Einarsson prófessor skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn

*Lýsing*

**Rétt.**
6 x 34 m stór (N - S).
Réttarvseggirnir í suðri og norðri eru hlaðnir úr grjóti, 1,3 - 2 m breiðir og 0,4 - 1 m háir. Aðrir veggir eru hamraveggirnir í skorunni.
Dyr eru á báðum hlöðnu veggjunum, upp við hamravegginn í NA og hinn hamravegginn í SV.
Engir dylkar sjást og mun svo ekki hafa verið.
Inngangur syðri dyranna er yfir slétt berg sem lítur út eins og það sé lagt af fólki.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| N-Múlasýsla | Fljótsdalshérað | | | 24 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Staffell | | Ærhóll | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 29.9.2019 | A 709434,4. N 539859,6 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rústir | Fjárhús | Fel 19 | 2 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Talsverð | Lélegt | 1550-1900 | | Ljósleiðari | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Neðst í túni Staffells, neðan við bæjarhólinn.

*Heimildir og munnmæli*

*Örnefnaskrá*. Staffell. Stefán Einarsson prófessor skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn

*Lýsing*

**Rústir.**
Beggja rústanna er getið í örnefnaskrá og vísaði ábúandi á þær. Sér þar móta fyrir mannvirkjum.
X á ljósmyndum sýna staðsetningun um það bil. Til vinstri er Ærhóll.
Neðan við girðingu sem þarna er, á jaðri túnsins ofan við mýri er grjóthrúga sem gæti verið leifar húsanna eftir að þau voru jöfnuð við jörðu.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| N-Múlasýsla | Fljótsdalshérað | | | 25 |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Staffell | | | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 29.9.2019 | A 709124,3. N 539859,6 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Fjárborg | | Fel 19 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ábúð | Talsverð | Lélegt | 1550-1900 | | Ljósleiðari | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Neparlega í túni Staffells, neðan við bæjarhólinn.

*Heimildir og munnmæli*

*Örnefnaskrá*. Staffell. Stefán Einarsson prófessor skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn

*Lýsing*

**Fjárborg.**
Samkvæmt ábúanda stóð þarna fjárborg, enda heytir hóllinn sem hún stóð á Borgarhóll. Þar mótar fyrir mannvirki, líklega hringlaga. Um nánari form verður ekkert sagt.
Ljósmyndin er tekin af Borgarhól í átt að fornleifum nr. 24:1.

*Teikning/ljósmynd*

*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Núv. sveitarfél. | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| N-Múlasýsla | Fljótsdalshérað | | | **26** |

| Landareign | MÍ:Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Staffell | | | **1** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 29.9.2019 | E 710259,1. N 540913,4 | Isn 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Gata | Selstígur | Fel 19 | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Á kort? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Sæmilegt | 1550-1900 | | Ljósleiðari | Mikil | Nei |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 3 | Lítið | 3 | Nei | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Sunnan megin í Staffellsás.

*Heimildir og munnmæli*

*Lýsing*

**Gata.**
Um 1  1,5 m breið og allt að 0,4 m djúp.
Gatan sésts vel á stuttum kafla þar sem hún fer niður ásinn skammt neðan við slóða sem liggur eftir honum endilöngum.
Liggur hún í átt að mýri og þar má sjá fjölda gatna og ekki þótti ástæða til að elta þær allar.
Gatan hefur líklega legið að Egilsseli sem er vestur í heiðinni.

Um 20 m suðaustur af götunni er ungur vegaslóði sem gerður var um 1960 að sögn ábúanda. Var það svokallaður vetrarvegur. Einnig hún sást aðeins á stuttum kafla.

*Teikning/ljósmynd*

*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS M6 |

*Athugasemdir*

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.